

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/355

2023/EES/68/05

frá 25. febrúar 2021

**um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar gróður
húsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB**

(tilkynnt með númeri C(2021) 1215) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 11. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frá og með árinu 2013 er losunarheimildum að jafnaði úthlutað til rekstraraðila stöðva, sem falla undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (EU ETS), með uppboði. Til þess hæfir rekstraraðilar fá áfram losunarheimildir án endurgjalds á viðskiptatímabilinu 2021 til 2030. Sá fjöldi losunarheimilda sem hver slíkur rekstraraðili fær er ákvarðaður á grundvelli samræmdra reglna innan Sambandsins sem eru settar fram í tilskipun 2003/87/EB og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 ⁽²⁾.
- 2) Þess var krafist að aðildarríkin legðu framkvæmdarráðstafanir sínar á landsvísu fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. september 2019 en þær samanstanda af skrá yfir stöðvar, sem falla undir tilskipun 2003/87/EB, á yfirráðasvæðum þeirra og þ.m.t. upplýsingar um framleiðslustarfsemi, flutning varma og lofttegunda, raforkuframleiðslu og losun í undirstöðvum á fimm árum á grunntímabilinu (2014–2018) í samræmi við IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331.
- 3) Til að tryggja gæði og sambærileika gagna lögðu aðildarríkin fram framkvæmdarráðstafanir sínar á landsvísu, sem innihéldu viðeigandi gögn fyrir hverja stöð, með því að nota rafræna sniðmátið sem framkvæmdastjórnin lét í té í samræmi við 1. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331. Aðildarríkin lögðu einnig fram skýrslu um aðferðir þar sem lýst er gagnasöfnunarferlunum sem yfirvöld þeirra notuðu.
- 4) Í ljósi þess hversu mikið magn upplýsinga og gagna var lagt fram greindi framkvæmdastjórnin fyrst hvort allar framkvæmdarráðstafanir á landsvísu væru heildstæðar. Ef framkvæmdastjórnin veitti því athygli að það vantaði upp á framlagðar upplýsingar krafðist hún viðbótarupplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarríkjum. Til að bregðast við þessum kröfum lögðu viðeigandi yfirvöld fram viðeigandi viðbótarupplýsingar til að fullgera framlagðar framkvæmdarráðstafanir á landsvísu.
- 5) Framkvæmdastjórnin mat síðan framkvæmdarráðstafanir á landsvísu með hliðsjón af viðmiðunum í tilskipun 2003/87/EB og í framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 að teknu tilliti til leiðbeiningarskjala framkvæmdastjórnarinnar fyrir aðildarríkin sem voru birt á bilinu janúar til apríl 2020. Þessar athuganir á samkvæmni voru annar áfangi í matinu á framkvæmdarráðstöfunum á landsvísu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 221. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8).

- 6) Athuganir á samkvæmni framkvæmdarráðstafana á landsvísu voru framkvæmdar fyrir hvert aðildarríki og hverja stöð fyrir sig og í samburði við aðrar stöðvar í sama geira. Hluti af því ítarlega mati var greining framkvæmdastjórnarinnar á samkvæmni gagnanna sjálfra og samkvæmni milli þeirra og reglna á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun án endurgjalds fyrir 4. áfanga í framseldri reglugerð (ESB) 2019/331. Framkvæmdastjórnin athugaði hæfi stöðva að því er varðar úthlutun án endurgjalds, skiptingu stöðva í undirstöðvar og svæðamörk þeirra í því skyni að beita rétttri viðmiðun. Að teknu tilliti til þess að gögnin eru notuð til að reikna út endurskoðuð viðmiðunargildi gaf framkvæmdastjórnin sérstakan gaum að losun sem er rakin til hvernar undirstöðvar. Með það í huga að áhrifin á úthlutanir eru umtalsverð greindi framkvæmdastjórnin enn fremur í smáatriðum gögn sem varða útreikninga á sögulegu starfsemissstigi stöðva á grunntímabilinu. Framkvæmdastjórnin athugaði einnig hvort innfærsla stöðva á skrárnar yfir framkvæmdarráðstafanir á landsvísu væri í samræmi við ákvæðin í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.
- 7) Gerðar voru frekari ítarlegar greiningar á gögnum fyrir tiltekna stöðvar, sem hafa haft áhrif á útreikninga á endurskoðuðum viðmiðunargildum, og fyrir hvert aðildarríki. Sértekið mótin byggðust á greiningu á áhættumati þar sem tekið var tillit til nokkurra viðmiðana, þ.m.t. losunarstyrkur fyrir hverja undirstöð með vöruviðmiðun.
- 8) Á grundvelli niðurstaðna úr þessum athugunum vann framkvæmdastjórnin ítarlegt mat á stöðvum þar sem greinst höfðu hugsanleg frávik í beitingu samræmdu úthlutunarreglnanna. Að því er varðar þessar stöðvar var leitað frekar skýringa hjá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja.
- 9) Í ljósi niðurstaðna úr þessu mati á reglufylgni reyndust framkvæmdarráðstafanir á landsvísu í Belgíu, Búlgaríu, Tékklandi, Danmörku, Þýskalandi, Eistlandi, á Írlandi, í Grikklandi, á Spáni, í Frakklandi, Króatíu, á Ítalíu, Kýpur, í Lettlandi, Litáen, Lúxemborg, á Möltu, í Ungverjalandi, Hollandi, Austurríki, Póllandi, Rúmeníu, Slóveníu, Slóvakíu, Finnlandi og Svíþjóð samrýmast tilskipun 2003/87/EB og framseldri reglugerð (ESB) 2019/331 að undanskildum þeim sem eru tilgreindar hér á eftir: Stöðvarnar, sem falla undir framkvæmdarráðstafanir þessara aðildarríkja á landsvísu, teljast hæfar til að fá úthlutun án endurgjalds og ekki fannst neitt ósamræmi að því er varðar reglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds að undanskildu því sem er tilgreint hér á eftir.
- 10) Í ljósi niðurstaða úr matinu eru þó tilteknir þættir í framkvæmdarráðstöfunum á landsvísu, sem Finnland og Svíþjóð lögðu fram, sem samrýmast ekki viðmiðunum í tilskipun 2003/87/EB og framseldri reglugerð (ESB) 2019/331.
- 11) Finnland og Svíþjóð lögðu til innfærslu á 51 stöð þar sem eingöngu er notaður lífmassi. Sumar þessar stöðva féllu undir einhliða valfrjálsa þátttöku 2004–2007 sem framkvæmdastjórnin samþykkti skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Engu að síður voru stöðvar þar sem eingöngu er notaður lífmassi síðan undanskildar viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í samræmi við nýtt ákvæði í 1. lið I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Þetta ákvæði var innleitt í tilskipunina um viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB⁽³⁾ og eftir að hún tók gildi 1. janúar 2013 var komið á nýju gildissviði fyrir viðskiptakerfið með losunarheimildir, þ.m.t. varðandi fyrri valfrjálsa þátttöku. Þess vegna skal synja um innfærslu stöðva þar sem eingöngu var notaður lífmassi fyrir öll ár grunntímabilsins, þ.m.t. þegar þær voru skráðar í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
- 12) Svíþjóð lagði til innfærslu á einni stöð þar sem losunin kemur frá kalkofni þar sem kalkeðja, leif úr endurheimt suðuíðefna í kraftpappírsmauksverksmiðjum, er glædd. Ferlið við að endurheimta kalk úr kalkeðju fellur undir skilgreiningar á kerfismörkum kraftpappírsmauks með stuttum/löngum trefjum. Af þeim sökum flytur hlutaðeigandi stöð inn hálfunna vöru sem fellur undir vöruviðmiðun. Í ljósi þess að ekki ætti að tvítelja losun, eins og minnt er á í 7. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331, skal hafna gögnum um úthlutun án endurgjalds frá þessari stöð.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og vikka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

- 13) Svíþjóð lagði til að þrjár stöðvar myndu nota aðrar undirstöðvar með viðmiðun en þær sem voru notaðar í 3. áfanga framkvæmdarráðstafanna á landsvísu til framleiðslu á köggjum úr járngrýti. Svíþjóð lagði til að nota undirstöð með viðmiðun fyrir glætt málmgrýti til framleiðslu á köggjum úr járngrýti en í 3. áfanga voru notaðar varma- og eldsneytisviðmiðanir. Viðmiðun fyrir glætt málmgrýti er þó skilgreind í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331 og skilgreining á vörum, sem og skilgreining á ferlum og losun sem falla undir þá vöruviðmiðun, eru sniðnar að sindurframleiðslu og taka ekki til köggla úr járngrýti. Enn fremur er í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB gerð krafa um uppfærslu á viðmiðunargildum fyrir 4. áfanga og ekki kveðið á um neinar aðlögun á túlkuninni á skilgreiningunni á viðmiðunum. Gögnum sem eru lögð fram um framleiðslu á köggjum úr járngrýti, sem byggjast á undirstöð fyrir glætt málmgrýti, skal því hafnað.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Innfærslu þeirra stöðva sem eru skráðar í I. viðauka við þessa ákvörðun, sem eru í skránum yfir stöðvar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB og voru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 11. gr. þeirrar tilskipunar, og samsvarandi gögnum um þessar stöðvar er hafnað.
2. Gögnum um úthlutun án endurgjalds fyrir þær stöðvar sem eru skráðar í II. viðauka við þessa ákvörðun, sem eru í skránum yfir stöðvar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB og voru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 11. gr. þeirrar tilskipunar, er hafnað.
3. Gögnum fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir þær stöðvar sem eru skráðar í III. viðauka við þessa ákvörðun, sem eru í skránum yfir stöðvar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB og voru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, er hafnað.
4. Engum andmælum eru hreyft ef aðildarríki breytir gögnum sem varða skiptingu í undirstöðvar, sem eru lögð fram fyrir stöðvarnar á yfirráðasvæði þess sem eru í skránum sem um getur í 3. mgr. og eru skráðar í III. viðauka við þessa ákvörðun, áður en bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hvert ár frá 2021 til 2025 eru ákvarðaðar í samræmi við 5. mgr. 14. gr framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331.
5. Allar breytingar sem um getur í 4. mgr. skulu tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar eins fljótt og auðið er og aðildarríki skal ekki ákvarða árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hvert ár frá 2021 til 2025 í samræmi við 5. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/331 fyrr en búið er að gera viðunandi breytingar.

2. gr.

Engum andmælum er hreyft að því er varðar skrárnar yfir stöðvar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB, eins og aðildarríkin leggja þær fram skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og samsvarandi gögn um þessar stöðvar nema annað sé sett fram í 1. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans TIMMERMANS

stjórnandi varaforseti

I. VIÐAUKI

Stöðvar þar sem eingöngu er notaður lífmassi

Kennimerki stöðva í skránum yfir framkvæmdarráðstafanir á landsvísu

FI000000000000645	FI000000000207696		
SE000000000000031	SE000000000000064	SE000000000000073	SE000000000000074
SE000000000000086	SE000000000000088	SE000000000000099	SE000000000000102
SE000000000000169	SE000000000000186	SE000000000000199	SE000000000000205
SE000000000000211	SE000000000000249	SE000000000000261	SE000000000000319
SE000000000000320	SE000000000000324	SE000000000000382	SE000000000000468
SE000000000000523	SE000000000000543	SE000000000000547	SE000000000000565
SE000000000000583	SE000000000000629	SE000000000000659	SE000000000000681
SE000000000000686	SE000000000000687	SE000000000000705	SE000000000000785
SE000000000000789	SE000000000000798	SE000000000000830	SE000000000000838
SE000000000000845	SE000000000000847	SE000000000202297	SE000000000205800
SE000000000205887	SE000000000206192	SE000000000208282	SE000000000209062
SE000000000209930	SE000000000211058	SE000000000000153	SE000000000000231
SE000000000000779			

II. VIÐAUKI

Stöð þar sem hálfunnin vara er notuð við kalkframleiðslu

Kennimerki stöðva í skránni yfir framkvæmdarráðstafanir á landsvísu

SE000000000000419

III. VIÐAUKI

Stöðvar þar sem vöruiðmiðun fyrir glætt málmgrýti er notuð í staðinn fyrir vöruiðmiðanir fyrir varma eða eldsneyti

Kennimerki stöðva í skránni yfir framkvæmdarráðstafanir á landsvísu

SE000000000000497

SE000000000000498

SE000000000000499
